



## Jafnréttisáætlun fyrir Ungmennafélagið Aftureldingu

*Jafnréttisáætlun Aftureldingar byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Jafnréttisáætlunin er jafnframt byggð á vinnu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og Jafnréttisstofu um gerð jafnréttisáætlana fyrir íþróttafélög og leiðbeiningar þess efnis.*

### IÐKENDUR

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Öll kyn, í sömu íþróttagrein og á sama aldrí, fái jafn marga og sambærilega æfingatíma.  Kynin hafi sambærilega aðstöðu/aðbúnað.	Úttekt á æfingatíma kynja í sömu íþróttagrein og á sama aldrí.  Úttekt á aðbúnaði og aðstöðu kynja í sömu grein og á sama aldrí.  Leiðréttta kynbundinn mun ef er.	Framkvæmdastjóri og íþróttafulltrúi	Árlega
Samræmi í fjárveitingum til íþróttagreina eftir kynjum.  Kynjunum er ekki mismunað í fréttum eða í öðru efni sem félagið sendir frá sér.	Úttekt á því hvernig fjármagni er skipt milli íþróttagreina eftir kynjum.  Úttekt á fréttum og öðru efni sem félagið sendir frá sér m.t.t. kyns.  Leiðréttta kynbundinn mun ef er.	framkvæmdastjóri.  íþróttafulltrúi	Árlega
Verðlaun allra kynja innan allra flokka og greina eru sambærileg.  Samstarfsaðilar þekki stefnu félagsins í jafnréttismálum.	Úttekt á verðlaunum eftir kyni  Leiðréttta kynbundinn mun ef er.  Jafnréttisstefna félagsins kynnt fyrir samstarfsaðilum.	íþróttafulltrúi	Árlega
Vinna gegn staðalmyndum kynjanna.	Úttekt á fjölda iðkenda innan hverrar íþróttagreinar eftir kyni.  Gæta þess að öll kyn eigi jafna möguleika til iðkunar íþróttagreinar/-greina.	íþróttafulltrúi	Árlega
Koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni innan félagsins.	Fræðsla fyrir þjálfara.  Vinna forvarnar- og viðbragðsáætlun.  Forvarnar og viðbragðsáætlunin kynnt fyrir starfsfólk.	Framkvæmdarstjóri íþróttafulltrúi	Árlega

### ÞJÁLFARAR

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Þjálfarar eru vel menntaðir og vel að sér um jafnrétti kynjanna.	Fræðsla um jafnrétti kynjanna fyrir þjálfara, stjórn og starfsfólk félagsins.	íþróttafulltrúi	Árlega
Þjálfarar njóta sömu launa og kjara fyrir sömu eða sambærileg störf og hafa sömu tækifæri til að afla sér þekkingar.	Úttekt á menntun, launum og launakjörum þjálfara m.t.t. kyns.  Leiðréttta kynbundinn mun ef er.		



## NEFNDIR OG RÁÐ

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Hlutfall kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnnum félagsins er sem jafnast og endurspeglar hlutfall iðkenda í viðkomandi íþróttagrein  Jafnrétti sé haft i huga varðandi það hverjir koma fram fyrir hönd félagsins.	Úttekt á nefndum, ráðum og stjórnnum félagsins m.t.t. kyns.  Úttekt á hverjir koma fram fyrir hönd félagsins m.t.t. kyns.  Leiðréttu kynbundinn mun ef er.	Stjórn félagsins.  Stjórn félagsins.	Árlega

## EFTIRFYLGNI/ENDURSKOÐUN

Jafnréttisáætlunin á að vera virk í öllu starfi félagsins, hún á að vera lifandi plagg sem tekur breytingum þegar þurfa þykir. Árlega fer stjórn félagsins yfir jafnréttisáætlunina og metur árangur verkefna. Hvað gerum við vel? Hvað getum við gert betur?

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafnréttisáætlunin sé virk í öllu starfi félagsins.	Áætlunin og árangur verkefna kynnt innan félagsins og birt á heimasiðu.	íþróttafulltrúi	Árlega
Jafnréttisáætlunin er í sífelldri þróun.	Fara yfir jafnréttisáætlunina og uppfæra m.t.t. árangurs og reynslu.		
Jafnréttisáætlunin er endurskoðuð á fjögurra ára fresti	Tillaga að nýrri jafnréttisáætlun lögð fram byggð á fyrri reynslu.  Ný jafnréttisáætlun til næstu fjögurra ára samþykkt og tekur gildi.	íþróttafulltrúi	Fjórða hvert ár

Samþykkt í stjórn 21.03.2023